

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

Nýtt!



Nicorette® QuickMist munnholsúði

HVISS!

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum



Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingaþörf
- 1 mg níkótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® QuickMist munnholsúði er níkótínlyf (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fánlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á níkótínfíkn, til að draga úr frávarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reyktt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir níkótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lífrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, óvirkan skjaldkirtill, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reyktt eiga ekki að nota lyfið. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

nicorette
nicotin

Magni var í alvöru símtali þegar forsíðumyndin var tekin og á hinni línunni var enginn annar en góðvinur hans Jógvan.

MARÍA THELMA

Fyrstu sex: 220193.
Uppáhaldsmatur: Sushi.
Lag á heilanum þessa stundina: Thrift Shop með Macklemore og Ryan Lewis.
Annað sjálf: Birta Sól.

ÞAÐ ER ALLTAF BIRTA Í KRINGUM MARÍU THELMU



Mynd/Kristinn

„I don't kiss and tell“

María Thelma Smáradóttir er kannski ögn þekktari með ljósa lokka í hlutverki myndbandabloggarans **Birtu Sól** en í gær var stuttmyndin **Fáðu já** frumsýnd en þar fer María með stórt hlutverk.

„Hún er í Kenía núna í skiptinámi í snyrtiskóla þar. Hún er búin að kynna einhverjum prins þarna og hann er búinn að lofa að taka peningana hennar og breyta þeim í margar milljónir. Hún er bara að bíða eftir því núna og svo kemur hún heim aftur,“ segir María Thelma Smáradóttir um sitt annað sjálf, Birtu Sól, sem sló í gegn á síðasta ári á Youtube. María segir það hafa verið gaman að lifa sig inn í hlutverk Birtu Sól og í raun hafi verið áhugavert hvað sú síðarnefnda fékk mikla athygli á skómmum tíma. „En það var magnað að fara inn á Facebook-ina hennar þar sem var nóg um að vera og fara svo á mína Facebook þar sem var ekkert að fréttu,“ segir María sem um jólin útskrifaðist af leiklistarbraut í Fjölbrotaskólanum í Garðabæ. Hún segir veruna í FG góðan undirbúning fyrir áframhaldandi leiklistarnám. „Ég er að sækja um í Listaháskólanum núna en það eru einmitt prufur í næstu viku,“ segir María. „Svo byrjar Stúdentaléikhúsið á morgun og ég ætla að taka þátt í því líka.“

Æðislegt að vinna með Páli Óskari

Um það leyti sem Birta Sól varð til síðasta sumar fór María Thelma í prufur fyrir hlutverk í stuttmynd Páls Óskars, Fáðu já. Hún fékk hlutverk í myndinni og segir það hafa verið mikilvæga reynslu að taka þátt í þessu

verkefni. „Það var æðislegt að vinna undir handleiðslu Páls Óskars. Hann og allt fólkíð var frábært og það var hugsað rosalega vel um mann,“ segir María og bætir því við að hennar þátttaka hafi tekið frekar skamma stund því hennar atriði hafi verið tekin upp á tveimur dögum. Í myndinni kyssir hún oft og innilega Óróa-leikarann Elías Helga Kofoed-Hansen en hún vill lítið tjá sig um þá upplifun. „I don't kiss and tell, man,“ segir María Thelma og hlær dátt. Fáðu já var frumsýnd í öllum grunn- og framhaldsskólum á Íslandi í gærdag en myndin er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, innanríkisráðuneytinu og velferðarráðuneytinu. Markmið þessarar 20 mínútna löngu stuttmyndar er að sögn Páls Óskars, leikstjóra myndarinnar, að „skýra mörkin milli kynlífs og ofbeldis, vega upp á móti áhrifum kláms og klámvæðingar, brjóta ranghugmyndir á bak aftur og innræta sjálfsvirðingu í nánnum samskiptum.“ Í gær var einnig opnuð heimasíðan www.faduja.is en þar er hægt að nálgast myndina í háskerpu. „Ég vona að fólk eigi eftir að líka vel við myndina,“ segir María Thelma. „Ég vona líka að hún hjálpi fólk að átta sig á því hvað það er mikilvægt að fá já. Myndin á að geta, á einfaldan og beinskeyttan hátt, upplýst unga fólkíð og bara alla um mörkin á milli kynlífs og ofbeldis,“ segir María að lokum.

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

FYRIR ÍÞRÓTTABULLUNA

Ofurskálín, stærsti íþróttaviðburður ársins í Bandaríkjunum, fer fram síðla sunnudagskvölds næstkomandi þar sem Baltimore Ravens mæta San Francisco 49'ers í slag um skálina eftirsóttu. Leikurinn verður ef-laust algjör bomba en á hálfleiks-sýningu leiksins treður engin önnur en Beyoncé upp. Monitor mælir með því að lesendur hópi sér saman og horfi á leikinn, sem að sjálfsgöðu stendur fram á rauða aðfaranótt mánudags.



FYRIR ALLA

Monitor mælir með að lesendur vippi sér inn á faduja.is og kynni sér heimildamyndina **Fáðu já** (sem einmitt er til umræðu hér í Fyrst og fremst). Myndin er þarft innlegg í umræðu um kynferðisofbeldi hérlendis en hún tekur á mörkunum milli kynlífs og ofbeldis. Líkt og fram hefur komið er myndinni leikstýrt af Páli Óskari, tónlistarmanni með meiru.

FYRIR ALLA

Eru þín trúarbrögð rokkónlist frá níunda og tíunda áratug síðustu aldar? Dýrkar þú Guns 'N' Roses, Aerosmith, KISS og Metallica? Hljómsveitin **Hetjur**, sem sérhæfir sig í lögum eftir þessar hljómsveitir og mun fleiri, kemur til með að troða upp á Gamla Gauknum á laugardagskvöldið næstkomandi. Tekið skal fram að snyrtilegur klæðnaður er óþarfur.



Vikan á facebook



Daniel Geir Moritz
Einhver sérlega óvandaður braust inn í bílinn minn í nótt,

en í honum voru tveir kassar. Í þessum tveim kössum var ekkert sem hægt er að koma í verð, nema gömul fartölva. Hins vegar voru þarna margir persónulegir hlutir úr minni æsku sem mér þætti afar miður ef ég fengi ekki aftur; eins og myndir, gestabækur frá stórum dögum, minningarbók sem mamma hélt utan um þegar ég var nýfæddur o.fl. Lögreglan rannsakar málið og er líklegt að upptækið hafi náðst á filmu. - Allavega. Verum góð hvert við annað. Þá er svo miklu skemmtilegra að vera til.
27. janúar kl. 18:38



Bragi Valdimar Skúlason
Muna: Ekki koma heim á lesavedaginn næst þegar ég geng á Suðurpólinn.

28. janúar kl. 20:53



Samúel Jón Samúelsson
Ég sem hélt að dómurinn myndi falla okkur í Haag!
28. janúar kl. 12:38

FEITAST Í BLAÐINU

4 Birta Hugadóttir
fer með stórt hlutverk í *Nóttin nærast á deginum*.



6 Úrslitin í Söngvakeppni Sjónvarpsins
ráðast á laugardagskvöldið í Hörpu.



9 Magni Ásgeirsson
hefur fengið þau nokkur viðurnefnin í gegnum tíðina.



14 Meistari Freyr Árnason
segir okkur helstu tónlistartíðindin úr Vesturheimi.



Efst í huga Monitor Fyrirgefðu Freyr

Við hér á Monitor-stöðum erum svo heppin að njóta krafta nokkurra magnaðra penna sem skrifa í blaðið okkar af einskærri ástríðu. Þannig fáum við vikulega senda dóma bæði um kvikmyndir og tölvuleiki og höfundar pistlanna fá lítið annað en myndbirtingu af sér í verðlaun.

Það verður því að teljast afskaplega döpur frammistaða hjá ritstjóra og framleiðslustjóra Monitor þegar hvorugur þeirra sá nokkuð athugavert við það að birta einstaklega vandaða grein í síðustu viku um sænska galdramanninn Max Martin án þess að nokkurs staðar kæmi fram að gullpenninn Freyr Árnason hafi átt allan heiður af skrifunum.

Freyr hefur farið á kostum síðustu misseri í tónlistarskrifum sínum og hefur svo sannarlega lífgað upp á blaðið okkar. Framkoma ábyrgðarmanna blaðsins á því ekki að líðast og skiljum við það vel að Freyr sé svekktur og jafnvel bitur.



Góða helgi,
Freyr

Ljóst er að Freyr hefur mikið til síns máls og ef Felix Bergsson væri enn með þáttinn sinn á Skjá Einum myndu forsvarsmenn Monitor vafalítið banka upp á hjá Frey því okkur langar einfaldlega að segja fyrirgefðu: „Fyrirgefðu.“

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir
Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (styrmirkari@mbl.is)
Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

Mun enda í leikhúsinu

Birta Hugadóttir er í 10. bekk í Austurbæjarskóla en fer um þessar mundir með burðarhlutverk í verkinu *Nóttin nærast á deginum*. Hún er viss um að hún endi í leikhúsinu í framtíðinni.

BIRTA HUGADÓTTIR

Fyrstu sex: 310597.

Staða: Nemi í 10. bekk í Austurbæjarskóla og leikkona í augnablikinu.

Uppáhaldsleikari á Íslandi: Elva Ósk Ólafsdóttir.

Uppáhaldsleikari í útlöndum: Penélope Cruz.

Lag á heilanum þessa stundina: Kiss off með Violent Femmes.

Hvernig kom það til að þú fórst að leika í *Nóttin nærast á deginum*?

Það barst bara orðrómur um mig og ég fékk að fara í prufur. Svo fékk ég hlutverkið.

Hvernig varð orðrómurinn til?

Ég sigraði til dæmis upplestrarkeppni Reykjavíkur og það hefur hjálpað helling við að koma mér á framfæri.

Hvernig verk er *Nóttin nærast á deginum*?

Þetta er óvenjulegt og óbærilegt drama. Þetta er smá svona hrollvekja meira að segja. Þetta er svolítið þungt.

Hvaða hlutverk leikur þú?

Það er svo erfitt að segja hvað ég leik af því að ég á að koma svolítið á óvart og ég vil ekki eyðileggja fyrir þeim sem hafa ekki séð sýninguna. En ég leik unga stelpu sem er svona 13 ára.

Eigið þið eitthvað sameiginlegt?

Ég hef ekki verið í sömu stöðu og þessi stúlka en ég þekki samt fólk sem er í þessari stöðu. Þannig að ég get sett mig í sporin hennar en annars eigum við það bara sameiginlegt að vera á svipuðum aldri.

Hefur þú leikið áður?

Já, ég hef alltaf verið mjög virk í slíku. Ég hef alltaf tekið þátt í Skrekk og við í Austurbæjarskóla sigruðum Skrekk núna síðasta haust. Svo lék ég til dæmis í *Bugsy Malone* í skólanum. Mér hefur alltaf fundist gaman að leika.

Er ekkert skrytið að vera að leika með svona reynslumiklu atvinnufólki?

Jú, það er það. En þetta er hellings lærdómur og skemmtileg lífsreynsla. Þetta er virkilega þroskandi og það er gaman að fá að vera partur af svona sýningu í atvinnuleikhúsi.

Er mikill munur á því að leika með félögum sínum í Skrekk eða í atvinnusýningu í Borgarleikhúsinu?

Þetta er miklu meira álag en maður heldur. Ég er ekki að segja það mikið í þessu leikriti en ég er alltaf á sviðinu og ég er búin að æfa á hverjum degi frá morgni til kvölds. Þetta er heilmikið álag en þetta er samt gefandi álag.

Ertu núna staðráðin í að verða leikkona?

Ég hef áhuga á því en mig langar líka mikið til að verða leikstjóri. Ég er búin að fylgjast mikið með leikstjóranum og mér finnst það mjög skemmtilegt og skapandi starf. En þetta tengist allt. Ég held ég endi að minnsta kosti í leikhúsinu.

Ertu komin með áætlun um hvernig þú verðir leikkona eða leikstjóri?

Mig langar í MH. Reyndar er ég orðin smá-stressuð því það er svo mikið að gera í leikhúsinu og því þarf ég að vera ansi dugleg í skólanum líka til að geta komist inn í þann skóla sem ég vil. En ég er ekki farin að hugsa lengra en það.

Svo ert þú dugleg, ásamt vinum þínum, að búa til stuttmyndir, ekki satt?


Jú, við erum í hóp sem heitir Art is so Gay og við erum alltaf að gera stuttmyndir. Ég er meira að segja að fara að gera stuttmynd núna eftir smá. Þú getur séð nokkur myndbönd á [youtube.com/alfsi97](https://www.youtube.com/alfsi97). Við höfum tekið þátt í kvikmyndakeppnum og þar hefur yfirleitt gengið mjög vel og við náð verðlaunasætum. Þetta er mjög skemmtilegt.

Ertu að leika þar eða leikstýrir þú líka?

Við búum alltaf til handritið saman og síðan vinnum við þetta í sameiningu. Álfsi tekur allt upp og við vinkonurnar leikum.

Af hverju á fólk að koma á *Nóttin nærast á deginum*?

Af því að verkið er öðruvísi, fólk getur tengt við það og það á eflaust eftir að sitja eftir í fólki.




FRAMADAGAR

HÁSKÓLANNNA

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

6. FEBRÚAR 2013

FRÁ 11 TIL 16



AIESEC

Festu Framadaga mómentið þitt á mynd – Settu hana á Instragram og merktu...

#FRAMADAGAR

Glæsilegir vinningar fyrir bestu myndina í boði:



Þín ánægja er
okkar markmið

TIL ÞÍN

900-9905



MEDAL ANDANNA

900-9904



EUROVISION

Hver fer til Malmö?

Næsta laugardagskvöld keppa í Hörpu atriðin sjö sem komust áfram í undanúrslitum Söngvakeppni Sjónvarpsins og þá kemur í ljós hvaða lag verður framlag Íslands í Evróvisjón í Malmö í maí.

Um síðustu helgi fóru fram undanúrslitin í Söngvakeppni Sjónvarpsins þar sem tólf atriði kepptu um að komast áfram á úrslitakvöldið í Hörpu. Sex þeirra tryggðu sér sæti í símakosningu en sérstök valnefnd bætti svo við laginu sem Magni flytur, Ekki líta undan.

Samanlögð atkvæði úr símakosningu og mat dómnefndar mun skera úr um efstu tvö sætin. Þá verða þau tvö lög flutt aftur og svo kosið aftur þeirra á milli. Símakosningin ræður úrslitum um hvort lagið verður framlag Íslands til Eurovision í Svíþjóð í maí.



ÉG SYNG!

900-9907



EKKI LÍTA UNÐAN

900-9901

VINÁTTA

900-9906



ÉG Á LÍF

900-9903



LÍFID SNÝST

900-9902

VISSIR ÞÚ AÐ...

Unnur Eggerts fór heim til sín og skálaði í hvítvíni með vinkonum sínum eftir að hún komst áfram um síðustu helgi.

Bæði Birgitta Haukdal og Hreindís Ylva þurftu að hafa áhyggjur af því að breyta fluginu sínu eftir að þeirra atriði komust áfram. Báðar áttu þær bókað flug heim í vikunni en Birgitta býr í Barcelona og Hreindís í Englandi.

Eftir undanúrslitin á laugardagskvöldið þurfti Jógvan að drífa sig niður í Hörpu þar sem hann tróð upp ásamt Magna, vini sínum og keppinaut, á árhátíð. Seinna um kvöldið kom Jóg-

van svo fram ásamt Stefaníu Svavars á þorralóti Aftureldingar en þau eru bæði búsett í Mosfellsbæ.

Halli Reynis bjó í Danmörku þegar Olsen-bræður unnu Evróvisjón árið 2000. Ætli Halli verði okkar Olsen-bróðir í ár?

Magni og Eyþór Ingi tóku forskot á Hörpu-sæluna síðastliðið laugardagskvöld þar sem þeir tóku þátt í tónleikum í Eldborgarsal þar sem leikin voru gömul og góð Eyjalög til að minnast Eldgossins í Heimaey. Þar hittu þeir fyrir nokkra listamenn sem þegar hafa keppt fyrir Íslands hönd

í Evróvisjón því á tónleikunum tróðu upp, meðal annarra, Stebbi Hilmars, Sigga Beinteins og Greta Salóme.

Magni kemst ekki á æfingu fyrir úrslitin á föstudagskvöldinu því Kiss-hljómsveitin hans, Meik, verður með tónleika á Græna hattinum. Vonandi verður ekki ófært á laugardaginn.

Þegar Svavar Knútur var beðinn um að lýsa Evróvisjón í viðtali á ruv.is sagði hann þetta vera árhátíð evrópska hommasamfélagsins. Hann bætti við að þetta væri líka fyrir alla sem væru eins og hann, 75 prósent hommar í hjarta.



OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR Í BAKKALÁR-
OG MEISTARANÁM TIL 15. MARS

BAKKALÁRNÁM
MYNDLIST / TÓNLIST
HÖNNUN & ARKITEKTÚR
LEIKLIST & DANS

MEISTARANÁM
HÖNNUN / MYNDLIST
TÓNSMÍÐAR /
SKÖPUN, MIÐLUN OG
FRUMKVÖÐLASTARF (NAIP)

Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar
um inntökuferli fyrir hverja deild eru á www.lhi.is



Mentos tyggjó er komið í poka!



Nú er enn auðveldara að sturta í sig Mentos tyggjó með safaríku
fyllingunni og bragðinu sem bara endist og endist.

mentos
CHEWING GUM

Ekki hægt að greiða **Magna-dúkk**

Magni Ásgeirsson væri til í að syngja á kletti í Söngvakeppni Sjónvarpsins. Hann ræddi við **Monitor** um Pitbull, hárleysið og „Rockstar Supernova-ævintýrið“, sem að hans sögn átti sér stað í fyrra lífi.



Ef þú ætlar að vera atvinnumaður í tónlist á Íslandi þá þarftu að vera ákveðið kamelljón og mér finnst það alveg ótrúlega skemmtilegt,“ segir Magni Ásgeirsson sem ásamt því að fara fyrir hljómsveitinni Á móti sól syngur í hinum ýmsu tókulagasveitum til heiðurs hljómsveitum á borð við Queen,

KISS og Pearl Jam. Hann þakkar tækifærinu sem hann fékk í bandaríska sjónvarpsþættinum Rockstar Supernova að mörgu leyti fyrir það að hann geti fengist við tónlist að atvinnu í dag, en ásamt söngvarastarfinu skipuleggur hann tónlistarhátíðina Bræðsluna sem fram fer í júlí á ári hverju á Borgarfirði eystri. Í þeim efnum skemmir líklega ekki fyrir að atvinnuopparinn er með háskólagráðu í verkefnastjórnun. Magni kemur fram í Söngvakeppni Sjónvarpsins um helgina þar sem hann syngur lagið Ekki líta undan. Blandaður Monitor settist niður með kappanum og ræddi við hann um Eurovision, lífið í raunveruleika-sjónvarpi, kaldhæðni orlaganna með hárleysið og Hárið (söngleikinn).

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Styrmir Kári

einar@monitor.is
styrmirkari@mbl.is

Til hamingju með aukasætið inn í úrslit Söngvakeppni Sjónvarpsins. Hvernig var það að þurfa að kyngja því að þú hafir ekki komist áfram og fá síðan þessar fréttir kvöldið eftir?

Ég er alls ekki tapsár þegar kemur að tónlist enda búinn að taka þátt í mörgum svona keppnum og er fyrir löngu búinn að fatta að maður keppir ekkert í tónlist. Þetta snýst bara um að keppa við sjálfan sig og ég var mjög sáttur við mig og mína. Ég var ekkert að svekkja mig, ég samgladdist bara vinum mínum sem komust áfram. Fréttirnar um að ég hafi síðan komist áfram fékk ég beint eftir 1.500 manna tónleika í Eldborg á laugardagskvöldinu þannig að það var bara til að auka á adrenalínið sem ég fékk þaðan, sem var náttúrulega bara mjög skemmtilegt.

Þetta er fimmta skipti sem þú tekur þátt í keppninni og jafnframt þriðja árið í röð. Er þetta vegna einskærs áhuga á Eurovision?

Þetta er ekki endilega vegna áhuga á þessari keppni sem slíki heldur bara á tónlist. Það gefast ekkert alltof mörg tækifæri á Íslandi til að hitta svona mikið af öðru tónlistarfólki, vera í Eldborg, syngja í sjónvarpinu og vera með í einhverju skapandi ferli. Burt séð frá því hvað öðru fólki finnst um Eurovision, þá finnst mér þessi viðburður alveg frábær og í raun nauðsynlegur. Þetta er sem sagt af einskærum áhuga á tónlist.

Björgvin Halldórsson tók þátt sjö ár í röð eða eitthvað án þess að vinna áður en hann var síðan sendur út 1995 án undankeppni. Ert þú með eitthvert slíkt plan eða er þinn sigur í loftinu á laugardaginn næstkomandi?

Ég er reyndar ekki með neitt svona úthugað plan, því miður. Þetta er meira þannig að á hverju einasta ári segi ég: „Jæja, nú er ég búinn að prófa þetta og geri þetta ekki aftur.“ Síðan hringir alltaf einhver í mig sem er með skemmtilegt lag og nöldrur aðeins í mér. Þegar það gerist fatta ég alltaf að ég er hvort eð er ekkert að gera neitt annað í janúar. Í fyrsta lagi vinn ég við að syngja og í öðru lagi er þetta ótrúlega skemmtilegt þannig að þetta lífgar upp á annars daufan mánuð. Janúar væri ekkert skemmtilegur ef það væri ekki fyrir Eurovision.

Það hefur gjarnan verið þannig að þú sért einn á sviðinu í látausum atriðum. Hefur aldrei komið til greina að taka rokkballöðurnar alla leið og standa ber að ofan uppi á einhvers konar kletti í anda Creed?

Að vera ber að ofan er eitthvað sem ég myndi ekki gera, allavega ekki á þessum áratug, en mig langar í klett á sviðið og það er einmitt búið að leggja inn beiðni fyrir slíku en RÚV hefur ekki tekið nógu vel í það (hlær). Annars hafa komið fram hugmyndir um að vera með hljómsveit með mér á sviðinu eða einhvern fjandann en ég hef alltaf litið á þetta þannig að þetta sé fyrst og fremst lagakeppni. Ég veit alveg að það skiptir einhverju máli hvað er í gangi á sviðinu á meðan lagið er flutt en mig langar bara svo að trúa því að það þurfi ekki að kasta glimmer í augun á fólki til að það finni lagið sem höfðar best til þess. Ég hef meiri trú á þjóðinni en svo, og svo finnst mér bara skemmtilegra að einbeita mér að því að syngja lagið frekar en að einbeita mér að því hvaða spor ég eigi að stíga næst og svo framvegis. Ég gæti samt mögulega skipt um skoðun ef ég gæti fengið Vesturport með mér í lið og við myndum sveifla okkur niður úr svölunum í Eldborgarsal Hörpu.

Er meiri fíðringur í manni þegar sungið er fyrir framan alþjóð í beinni útsendingu heldur en á hverri annarri uppþroðslu?

Ég meina, er ekki Pitbull eiginlega bara að segja „mig langar upp á þig“, bara með ljótara orðbragði? „Komdu inn í kofann minn“, er það ekki það sama?

Að sjálfsgöðu, maður er alveg drullustressaður áður en kveikt er á myndavélinni. Á meðan kynningin á laginu manns er í gangi eru alveg óteljandi hugsanir sem þjóta í gegnum hausinn á manni. „Mun mikrófóninn virka? Man ég textann? Ætli ég heyri nógu vel í mér? Er ég að fara að detta?“ Þetta eru allt hlutir sem manni er alveg sama um ef maður er bara að fara að troða upp á einhverju balli eða eitthvað, því þá er alltaf hægt að redda sér. Þarna hefurðu bara þrjár mínútur til þess að vera góður, á öðrum tónleikum eða balli hefurðu kannski svona einn og hálfan tíma. Þetta er svolítið eins og veðreiðar, maður kemur bara hlaupandi inn á svið, tæklar þetta og fer svo út aftur.

Manst þú eftir fyrsta skiptinu sem þú komst fram í sjónvarpi í Söngkeppni framhaldsskólanna vorið 1996?

Já, það var gríðarlega stressandi og fór kannski ekki alveg eins og það átti að fara. Þetta var þannig að ég var að flytja lagið Wonderwall og kassagítarinn minn bilaði á sviðinu. Það voru einhverjir skruðningar í snúrunni á gítarum þannig að í miðju lagi þurfti ég bara að kippa henni út og spila á gítarinn ótengdan hljóðkerfinu. Þetta var samt þannig að sama kvöld hafði ég verið að keppa í Músiktilraunum með hljómsveitinni minni, Shape, og við komumst áfram þannig að þegar ég mætti síðan í söngkeppnina var ég eiginlega bara í adrenalín- og gleðikasti þannig að mér var eiginlega sama um þetta gítarklúður. Þar af leiðandi náði ég að redda mér ágætlega, en ég hefði örugglega ekki gert það ef ég hefði mætt óupphitaður inn á svið.

Á þessum tíma skartaðir þú miklu grunge-rokkaraútliti með hár niður á axlir. Héngu Eddie Vedder og Kurt Cobain uppi á vegg í herbergi þínu á Borgarfirði eystri?

Já, ég er gífurlegur „grunge-kall“ og fyrsta alvöru hljómsveitin sem ég var í, Shape, var stofnuð í miðju æðinu. Við byrjuðum að pikka upp alla Ten-plötuna með Pearl Jam, lög með Stone Temple Pilots og Nirvana. Síðan fórum við að semja sjálfir og gáfum út eina litla grunge-plötu sjálfir. En jú, þetta voru og eru hetjurnar mínar. Ég var að hlusta á Nirvana bara rétt áðan. Ég held að tónlistin sem maður hlustar á þegar maður er 14-15 ára sé tónlistin sem maður hlustar á það sem eftir er, svo bætist auðvitað alltaf eitthvað við. Þess vegna vorkenni ég unglungum í dag svolítið mikið. Það verður svo vandræðalegt þegar þessir krakkar verða fimmtugir að hlusta á Pitbull. Mín kynslóð hafði Haddaway en þetta er töluvert verra.

Hvað varð síðan um hárið?

Hárið minnkaði og minnkaði og svo fór það bara. Þetta er sem sagt ekki „lúkk“ sem ég valdi mér þótt ég kunni ágætlega við það. Ég þarf að halda því við minna en þú myndir halda. Ef ég sleppi því að raka mig í viku, þá er þetta merkilegt nokk ekkert ósvipað. Ég er sem sagt bandsköllóttur og ég þori eiginlega ekkert að safna hári aftur, ég veit ekkert hvað er eftir þarna. Ég yrði sennilega með svona Homer Simpson-hring. Svo er það náttúrulega kaldhæðni orlaganna að ég hef tvisvar tekið þátt í söngleiknum Hárinu. Ég tók fyrst þátt í menntaskóla, þá vorum við þrír vinirnir valdir í aðalhlutverkin af því að við vorum allir með sitt hár, áður en tékkað var á hvort við gætum eitthvað leikið. Síðan kom þessi hugmynd í hittiðfyrri um að setja upp Hárið fyrir norðan og þá þurfti ég að vera með hárkollu.

Hvernig leiddist þú síðan út í sveitaballapoppi? Eftir söngkeppnina sem við vorum að tala um fór Shape að spila aðeins á böllum, við áttum skiptimynd í menntaskóla af því að við spiluðum á böllum. Um þetta leyti varð Á móti sól söngvaralaus og þá fréttu þeir einhvern

veginn af mér og hringdu austur. Þá flaug ég suður og gerðist atvinnuoppari. Ég hef alltaf verið alæta á tónlist þannig að ég geri engan greinarmun á sveitaballapoppa og grunge-rokkara, þetta eru allt menn með hljóðfæri að spila tónlist. Gott dæmi um það er að á laugardaginn er ég að fara að taka þátt í Eurovision en kvöldið áður er ég að fara að spila á „KISS-tribute“-tónleikum. Ef þú ætlar að vera atvinnumaður í tónlist á Íslandi þá þarftu að vera ákveðið kamelljón og mér finnst það alveg ótrúlega skemmtilegt.

Ég veit að hljómsveitin var nefnd áður en þú komst til sögunnar, en veist þú hvaðan þetta sólarþema kemur inn í nöfn allra þessara hljómsveita (SSSól, Sólstrand-argjarnir, Sóldögg, Á móti sól)?

Mér skilst að ein útskýringin sé sú að þeir hafi verið á móti sálartónlist, sem sagt „soul“. Reyndar veit ég ekki til þess að neinn sé á móti þeirri tónlist, okkur finnst James Brown svalur. Önnur kenning er sú að hljómsveitin hafi verið nefnd svona til þess að fá gigg því mér skilst að hún hafi verið ráðin nokkrum sinnum í misgripum fyrir SSSól. Síðan varð hljómsveitin aðeins lífseigari og stærri en menn gerðu ráð fyrir. Þetta var mjög sólríkur áratugur í hljómsveitanöfnum.

Fyrir tæpum tveimur árum fór uppistandsbrot með Birni Braga víða um netheima þar sem hann grínaðist með texta lagsins Á þig. Hvernig fannst þér grínið?

Það var geðveikt, ég ældi næstum því úr hlátri (hlær). Þetta lag er samið áður en ég kom í hljómsveitina en ég vil samt alls ekki gera lítið úr því enda hefur mér alltaf þótt þetta hnyttinn og skemmtilegur texti sem tekur saman hugmyndafræðina í flestum dægurlögum. Ég meina, er ekki Pitbull eiginlega bara að segja „mig langar upp á þig“, bara með ljótara orðbragði? „Komdu inn í kofann minn“, er það ekki það sama? Í þessum texta er bara ekkert verið að fara í kringum trén heldur beint í gegnum skóginn. Ég hef ekki getað sungið þetta lag síðan ég heyrði þetta uppistand án þess að brosa og einu sinni fékk ég meira að segja tækifæri til að syngja lagið fyrir hann, hann sat beint fyrir framan mig á einhverju gíggi. Ég skemmti mér konunglega við það, þá var ég með mikrófóninn en ekki hann.

Við höfum komið inn á Söngvakeppni Sjónvarpsins, Söngkeppni framhaldsskólanna og Músiktilraunir, en þátttaka þín í annarri söngkeppni er öllu frægari. Grætur þú þig í svefn á næturna yfir því að hafa ekki orðið söngvari hljómsveitarinnar Supernova?

Alls ekki, ég þakka guði fyrir það á hverjum degi (hlær). Nei, ég segi nú svona en sú hljómsveit varð nú ekki sérstaklega langlíf og þetta var nú þannig að við vissum það eftir nokkrar vikur að Lukas Rossi myndi vinna keppnina.

Átt þú við að þetta hafi verið eftir handritið?

Nei, en hugmyndin á bak við þáttinn var að finna söngvara fyrir ákveðna hljómsveit og það er ekki það sama og í Idol eða X-Factor. Þetta snerist ekki bara um söngraddir keppenda heldur líka hver passaði best inn í hljómsveitina félagslega og svo framvegis. Við fundum það líka fljótlega að Tommy Lee réð þessu og einu sinni þegar hann heimsótti hópinn missti hann eiginlega út úr sér að hann hlakkaði svo til að fá Lukas í hljómsveitarrúttuna. Þá kom svona hálfgerfát á alla viðstadda en að sama skapi tók það dálítið pressuna af manni, eftir það snerist þetta meira bara um að gera sitt besta fyrir sjónvarpið. Að lokum komst ég í síðasta þáttinn, komst í raun eins langt og ég gat án þess að þurfa að skuldbinda mig við eitthvað, sem ég er mjög sáttur við.

MAGNI Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 011278.

Það sem fékk mig helst til að nenna fram úr í morgun:

Eins árs gamall sonur minn, ég hafði ekkert val.

Það sem rænir mig helst hugarrá þessa stundina:

Sú staðreynd að það eru ekki fleiri klukkutímar í sólarhringnum.

Besta Eurovision-lag allra tíma: Waterloo.

Æskuátrún- aðargöð: Michael Jackson.





Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heim-sótti fyrir utan landsteinana: Ég fór til Parísar á tónleika með Radiohead og í Euro Disney. Tónleikarnir voru sturlun.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Ég fór á Sushisamba eftir Söngvakeppnina á föstudaginn síðastliðinn.



Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Ég keypti mér skó á útsölu í Kringlunni.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Ég fór á Hobbitann og mér fannst hún frábær.



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Það var í morgun þegar eldri strákurinn minn fór í skólann. Við erum svolítið væmin fjölskylda.



Ert þú þreyttur á því að rifja upp „Rockstar Supernova-ævintýrið“?

Nei, alls ekki en mér finnst samt eins og þetta hafi gerst í öðru lífi eða ég hef breyst og þroskast það mikið síðan þetta átti sér stað. Þessi keppni, þetta ævintýri og stuðningur þjóðarinnar varð til þess að ég hef getað unnið sem tónlistarmaður síðan þá og þar af leiðandi er ég mjög þakklátur. Að sama skapi fékk ég reynslu sem venjulega tekur menn 10-20 ár að ná sér í í þessum bransa á nokkrum mánuðum og það varð einmitt til þess ég áttaði mig á því að mig langaði ekkert að sækjast eftir neinu meira þarna úti.

Varðst þú var við mikið rugl í kringum rokkarana þarna?

Raunveruleikþættir byggja náttúrlega á því að fylgjast með fólki sem er lokað inni í einhverri kúlu þannig að oftast vorum við nú bara inni í þessari kúlu en ekki á einhverju djamma í Hollywood. Annað slagði var samt farið með hópinn í einhver partí, þá vorum við samt nánast bundin við svona leikskólaband, en þá sá maður samt ýmsa vitleysu. Svo fór ég líka í tónleikaferð um Bandaríkin með hljómsveitinni Supernova og þá sá ég hluti sem ég á sennilega aldrei eftir að gleyma. Það var svo sem áhugavert að kynna þessu, nú hef ég til dæmis séð rótara búa til „bong“ úr epli. Ég tók þetta allt út á hálfu ári, kláraði þennan „meikdraum“ og nú skil ég ekki lengur af hverju fólk hefur slíka drauma (hlær). Jújú, það er frábært fyrir fólk að vilja prófa þetta en þetta var ekki fyrir mig.

En hvað er að fréttu af öllu þessu liði? Heldur þú ekki einhverju sambandi við Toby?

Sumir eru vinir mínir á Facebook. Ég hef fylgst dálítið með húsbandinu, þeir eru núna að spila í þættinum The Voice. Svo heyri ég af og til frá Toby, við höldum smá-sambandi en að öðru leyti er þetta búið að fjara út. Toby kom hingað á Þjóðhátíð í Eyjum og ég held að hann langi klárlega að koma aftur.

Hvort er þreyttara grín, að kalla þig Magni-ficent eða að segja: „Magni, ertu á móti sól“ þegar þú ert með sólinu í augunum?

Allt Magni-ficent-grín er skemmtilegra en það er reyndar bara Auði Blö sem notar

það ennþá. Núna að undanfögnu hef ég verið kallaður „Magni Wild Card“ sem er nýr vinkill en ég vona svo sannarlega að það festist ekki. Á móti sól-grínið hefur verið glettilega lítið notað á undanföngum árum en var vinsælt áður fyrir. Mér þykir hins vegar vænst um „Magni okkar Ásgeirsson“ sem var notað í kringum Rockstar Supernova-dæmið. Það var svo hlýlegt.

Ég tók þetta allt út á hálfu ári, kláraði þennan „meikdraum“ og nú skil ég ekki lengur af hverju fólk hefur slíka drauma (hlær).**Það má einmitt segja að á einu sumri hafir þú orðið þú „strákurinn okkar“. Tveimur árum áður hafði verið framleidd Birgitta Haukdal-dúkka, kom aldrei til greina að skella Magni-ficent Action Man í framleiðslu?**

Ég hefði verið helvíti flottur Action Man (hlær). Þegar þú nefnir þetta þá verð ég reyndar svekktur yfir þessu. Við Birgitta gáfum einmitt út plötu á svipuðum tíma, vorum stundum saman að árita einhvers staðar og ég ófundaði hana alltaf sjúklega yfir því að hún var alltaf með dúkku. Ég var ekki með neitt. Kannski voru þetta bara einhverjir fordómar gagnvart sköllóttum, því það hefði ekki verið hægt að greiða Magna-dúkku.

Þú tekur væntanlega Borgarfjörðinn framyfir Hollywood en þið bróðir þinn standið fyrir tónlistarhátíðinni Bræðslunni í júlí á ári hverju á þínum æskuslóðum. Kveikjan að sólóplötunni þinni sem kom út fyrir jólin varð einmitt til á Bræðslunni í hittíðfyrri, ekki satt?

Jú, það má segja það. Það er að segja ég samdi lag sem heitir Heim og fjallar um Borgarfjörð og Bræðsluna og ég fékk frænda minn, Ásgrím Inga, til að semja textann. Hann er einmitt sviðssmiður Bræðslunnar. Ég var einhvern veginn svo ánægður með flinginn í laginu að í kjölfarið langaði mig að gera plötu og hafði samband við Vigni Snæ, gítarleikara og pródúsent, og í kjölfarið sömdum við og tókum upp plötu saman með aðstoð ýmissa góðra manna. Við reyndum að hafa þetta í þessum stíl sem er allsráðandi í dag, svona einhver Mumford-flingur, og ég er bara mjög ánægður. Við erum reyndar ekki farnir að spila efnið neitt á tónleikum sökum anna en ég hugsa að ég bóki sjálfan mig á Bræðsluna í sumar. Ég gekk frá þeim samningi við sjálfan mig um jólin með handabandi við sjálfan mig.

Þú hefur verið í sveitum sem spila lög eftir Queen, Metallica og KISS. Eins og fram hefur komið treður KISS-sveitin upp annað kvöld, verðið þið málaðir á sviðinu?

Við erum ennþá að rífast um það. Ég væri alveg til í að vera málaður, mér finnst það töff og svolítið stór partur af KISS.

Kvöldið eftir KISS-tónleikanna fara síðan úrslitin í Söngvakeppninni fram í Hörpu. Um síðustu helgi varst þú einmitt í Eldborgarsal Hörpu að syngja á Eyjatónleikum. Hefur þú þá forskot á hina keppendurna? Já, ég kann kóðana að öllum búningsherbergjunum og veit hvar kaffið er geymt, það er eina forskotið sem ég hef (hlær). Annars erum við nokkur þarna sem höfum það kannski framyfir suma keppendur að við erum búin að vera að þessu 15 árum lengur, þó svo að mér finnst hálsorglegt að segja það. Ég er svona aðeins farinn að færast yfir í heldri deildina, allavega svona miðað við suma af hinum keppendum sem eru þarna. En þetta snýst víst ekki um aldur heldur að gera sitt besta í 3 mínútur og gera almennilegt sjónvarp.

KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft aftur og aftur: Spaceballs.

Myndin sem ég felli tár yfir: Four Weddings and a Funeral, ég græt alltaf yfir þessari einu jarðarför.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: Dumb and Dumber er ennþá fyndnasta mynd sem gerð hefur verið.

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: Terminator 2.

Versta mynd sem ég hef séð: Crank 2.

**TÓNLIST**

Lagið í upphaldi þessa stundina: Washing of the Water með Peter Gabriel.

Lagið sem ég hlusta á til að girna mig upp fyrir helgina: Master of Puppets.

Lagið sem ég fíla í laumi: Ég trú ekki á „guilty pleasure“, ég hlusta á allt.

Nostalgiulagið: Það er eitthvað með Alice in Chains, Pearl Jam og allt þetta grunge.

Lagið sem ég syng í karóki: Heaven með Bryan Adams.

**FORM OG FÆÐI**

Uppáhaldsmatur: Ég get ekki valið. Matur er almennt í upphaldi hjá mér.

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Speltbrauð.

Versti matur sem ég hef smakkað: Breskur matur.

Líkamsræktin mín: Ég er hjá einkabjálfa-ara með tveimur vinum mínum úr poppransanum.

Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum: Þegar ég vann 100 m hlaup á sumarhátíð UÍA þegar ég var svona 10 ára.



TRAUSTUR DRYKKUR GETUR GERT KRAFTAVERK



HÁMARK
— HOLLUR FÉLAGI —

„I'll be back.“
The Terminator (1984).

Chris Brown ber niður gagnrýnisraðir

Það var margt að fréttu úr tónlistarlífinu vestanhafs þessa vikuna. Hér er brot af því besta...

Chris Brown lætur það ekki nægja að leggja hendur á konur, nú eru það hinir samkynhneigðu. Söngvarinn Frank Ocean tilkynnti það á Twitter að Chris Brown hefði ásamt föruneysi sínu barið sig. Í kjölfarið hafi hann meiðst á hendi og geti því ekki mundað pianóíð á þann hátt sem hann helst vildi á komandi Grammy-verðlaunahátíð. Íhugar hann alvarlega að leggja fram kærur á hendur Chris Brown sem þarf að fara að stunda hugleiðslu eða skella sér í sálfræðimeðferð, því þetta gengur ekki mikið lengur.



Mac Miller sem kom bara allt í einu upp á yfirborðið og sló öll sölumet á netinu er mjúkur maður. Hann var að opinbera það að síðasta árið er hann búinn að vera út úr heiminum á efninu lean. Ástæðan? Hann var særður á sálinni eftir að plata hans var ekki tekin alvarlega af ýmsum gagnrýnendum. Spurning um að hætta vælinu og brosa framan í lífið. Því það eru fáir 19 ára gaurar sem státa af því að eiga söluhæstu Indie-plötu allra tíma, rísa-fanbase, haug af peningum og fá að ferðast um allan heim.



Og enn meira ofbeldi er í gangi. Rapparinn barmmikli Rick Ross lenti í gamaldags drive by shooting á dögunum. Fyrir þá sem ekki vita gengur drive by út á að keyra framhjá skotmarki með bíl fullan af byssum og drita út um gluggann. Átti þetta sér stað þar sem Rick Ross var staðsettur í Rolls Royce-bifreið sinni ásamt óþekktum kvenmanni eftir afmælisveislu sína. Engan sakaði en Rollsinn er í ruglinu þar sem Rick Ross reyndi að flýja af vettvangi á bílnum en endaði á nærliggjandi húsi. Fólk á það til að hlæja að röppurum sem eyða þúsundum dollara í að gera helstu eigur sínar skotheldar en það lítur út fyrir að Rick Ross hafi troðið feitum sokk í kjaftinn á því liði.



Undarlegir hlutir eru að gerast víðsvegar. Tyler The Creator, sem er einmitt með Frank Ocean í Odd Future, var að gera lag með engri annari en Miley Cyrus. Til að gera þetta ögn furðulegra er Mary J. Blige, söngdíván sjálf, skrifuð sem meðhöfundur að laginu. Margir hugsa eflaust: Hefur Tyler ekki bara fengið tilboð sem hann gat ekki hafnað peningalega séð? En því miður er svo ekki, hann heyrði lagið og heimtaði að fá að vera með í því. Verður að teljast undarlegt.



Jákvæði rappari vikunnar hlýtur þó að vera Nas. Hann snæddi kvöldverð um helgina, sem væri kannski ekki frásögu færandi nema fyrir þá sem snæddu með honum. En það var multimilljónerinn Mark Zuckerberg, stofnandi Facebook, og hans helstu samstarfsmenn. Hvað þeim fór á milli er ekki vitað en verður að teljast jákvætt í ljósi annara fréttu. Nema hann hafi verið að deila hugmyndum sínum um hvernig sé hægt að misbeita þeim persónuupplýsingum sem Facebook hefur að geyma um fólk. En við höldum í vonina um að svo sé ekki.



Justin Timberlake var að taka upp myndband við Suits & Tie-lag sitt með Jay-Z. Var víst hörku stemmning þar en það er loksins komin útgáfudagur á plötuna The 20/20 Experience. Mun það vera 19. mars.



MGMT-bræður eru á leiðinni með nýtt efni. Sumarplata er áætluð í júní svo fyrsti síngull af plötunni hlýtur að vera handan við hornið. Samkvæmt þeim sjálfum er platan of góð til þess að vera ekki að tala um hana og þeir séu búnir að semja virkilega góð lög upp á síðkastið.

TÓNLIST
FREYR ÁRNASON



FRUMSÝNING HELGARINNAR

The Last Stand

Ray Owens (Schwarzenegger) er fögei í litlum bæ í Bandaríkjunum, Sommerton Junction, sem liggur við landamæri Mexíkó. Dag nokkurn flýr eiturfjábarn Gabriel Cortez (Noriega) úr haldi alríkislögreglunnar og stefnir hraðbyri í átt að landamærunum ásamt mála-liðum sínum. Leið hans liggur þvert í gegnum Sommerton Junction, og til að bæta gráu ofan á svart hefur hann

tekið fólk í gíslingu. Alríkislögreglan, ásamt alríkislögreglufulltrúanum John Bannister (Whitaker), mætir til bæjarins til að hafa hendur í hári Cortez, en Bannister telur lögreglusveit Owens óhæfa til að taka þátt í aðgerðinni. Að lokum tekur Owen málið í sínar eigin hendur og undirbýr sig, ásamt lögregluhljóði sínu, fyrir lokauppgjörið við eiturfjábarninn alræmda.

Leikstjóri: Jee-woon Kim.
Aðahlutverk: Arnold Schwarzenegger, Eduardo Noriega & Forest Whitaker.
Langd: 107 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
Kvikmyndahús: Laugarás-bíó, Smárabíó og Borgarbíó.

VILTU VINNA MIÐA?
facebook.com/monitorbladið

skechers GOwalk
GO Like Never Before
Skechers GOwalk fisléttir og sveigjanlegir

Þú færð GO walk skó í Skór.is, Kringlunni og Smáralind | Steinar Waage, Kringlunni og Smáralind | Intersport Lindum, Kópavogi Skóhöllinni Firði, Hafnarfirði | Versl. Nina, Akranesi Blómsturvellir, Hellisandi | Mössuskór, Akureyri Skóhúsið, Akureyri | Skóbúð Húsavíkur, Húsavík Sentrum, Egilstöðum | Lónið, Höfn í Hornafirði Skóbúð Selfoss, Selfossi | Axel O, Vestmanneyjum Skóbúðin, Keflavík



ÆTLI NILLI LÁTI SJÁ SIG?



Framadagar háskólanna

Miðvikudaginn 6. febrúar klukkan 11-16 verða Framadagar háskólanna haldnir í Háskólanum í Reykjavík.

„Framadagar eru ætlaðir háskólanemum, útskrifuðum sem og núverandi nemendum, þó að allir séu auðvitað velkomnir,“ segir Anna Fríða Gísladóttir, kynningarfulltrúi Framadaga. „Markmið Framadaga er að háskólanemar fái tækifæri til að kynna sér fyrirtæki og fjölbreytta möguleika varðandi sumarstörf, framtíðarstörf eða verkefnavinnu. Einnig er þetta frábært tækifæri fyrir fyrirtækin til að hitta tilvonandi framtíðarstarfsmenn. Við þekkjum mörg dæmi um að ungt fólk hafi fengið vinnu á Framadögum.“

Aldrei hafa svo mörg fyrirtæki tekið þátt í Framadögum en í ár eru þau alls 52. Hvert fyrirtæki er með bás þar sem hægt er að fá upplýsingar um fyrirtækið, komast í kynni við starfsmenn þess og leggja inn starfsumsókn. „Meðal fyrirtækja sem verða með í ár eru CCP, Össur og Advania. Það er einkennandi í ár hvað það eru mörg og fjölbreytleg starfssvið og ættu því flestir að geta fundið fyrirtæki sem höfðar til þeirra,“ segir Anna Fríða.



ANNA FRÍÐA GÍSLADÓTTIR

Guðjón í OZ mætir

Boðið verður upp á 16 fyrirlestra um mismunandi málefni, en meðal fyrirlesara er dr. Alexander Schep-sky og Guðjón M. Guðjónsson, stofnandi OZ. „Dr. Alexander Schep-sky er menntaður sameindalíffræðingur sem tók U-beygu í lífinu og opnaði á dögunum Reiðhjólaverzlunina Berlín,“ segir Anna Fríða og bætir við að einnig verði aðrir hagnýtir fyrirlestrar, til dæmis um ferilskrár og námsstyrki.

Árleg spurningakeppni verður á milli kennara HÍ og HR en spurningahöfundur og spyrill er hinn eini sanni Dr. Gunní. „Við hvetjum svo alla til þess að mæta með ferilskrána sína þar sem fulltrúar frá ráðningarstofum verða á staðnum og gefa ráðlegg-ingar varðandi innihald og útlit ferilskráa,“ segir Anna Fríða að lokum. Strætó á vegum Framadaga mun ganga á milli Aðalbyggingar HÍ og HR frá 10:45-16:15 og verður í boði fyrir alla að kostnað-arlausu.

Nánari upplýsingar má finna á Facebooksíðu Framadaga.

Útskriftarsýning Ljósmyndaskólans

Nemendur á þriðja ári Ljósmynda-skólans opna á laugardaginn útskriftarsýningu á verkum sínum.

Laugardaginn 2.febrúar kl. 15.00 munu nemendur á þriðja ári Ljósmyndaskólans opna útskriftarsýningu á verkum sínum í gamla Saltfélaginu, að Grandagarði 2. Á sýningunni verða myndir af ýms-um toga sem gerðar eru með margvíslegum hætti, bæði með hefð-bundinni filmuljósmyndun og stafrænni tækni. Nemendur fást við ýmis viðfangefni og má þar meðal annars nefna portrett, skrásetningu, persónulega sjálfs-skoðun, tískumyndir, listrænar ljósmyndir og landslagsljósmyndir. Sýningunni lýkur svo 10. febrúar og er opin alla dagna frá 13.00-20.00.



Áhöfn Monitor-skútunnar þarf liðsauka

LEITUM AÐ SNILLINGI Í HLUTASTARF

Við leitum að drífandi og skemmtilegum starfskrafti sem er góður í að þefa uppi skemmtilegt efni og búa til úr því hnyttnar tímamóta-fréttir.

Sendu okkur póst snilli@monitor.is ef þú ert rétti einstaklingurinn í starfið.

MONITOR

Nauðsynlegt að líða vel í því sem maður er

Stíllinn kíkti í heimsókn til söngkonunnar **Unu Stef** þessa vikuna en Una hefur vakið verðskuldaða athygli upp á síðkastið fyrir söng og lagasmíðar. Stíllinn fékk Unu til að sýna okkur nokkra af sínum uppáhalds hlutum.

Hvað ert þú að gera þessa dagana? Ég er á fullu í upptökum á tónlistinni minni, koma fram og inn á milli reyni ég að sinna háskólanum og Tónlistarskóla FÍH. Svo knúsa ég kisuarnar mínar mjög mikið.

Hvernig gengur í tónlistinni? Það gengur rosalega vel, er búin að vera koma mikið fram með mína eigin tónlist með frábærri hljómsveit sem spilar með mér. Hef einnig tekið að mér ýmis gígg hér og þar, mjög mjög skrautleg og skemmtileg. Núna er planið að fara á næsta stig og reyna koma efninu mínu frá mér almennilega.

Er plata væntanleg frá þér á næstunni? Ójá, er á fullu að vinna í henni núna en get ekki nefnt neina dagsetningu ennþá. Hins vegar er mjög stutt í að ég sendi frá mér fyrsta lagið af plötunni - það kemur í febrúar :)

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Ég held stíllinn minn sé góð blanda af vintage og nútímanum, finnst mjög gaman að blanda saman stílum. Ég elska síða kjóla, hatta, stórar peysur, pelsa og háa hæla.

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Eiginlega hvar sem er! Skemmtilegast finnst mér að finna einhverja snilld í Kolaportinu eða á slíkum mörkuðum í útlöndum. En einnig finnst mér Urban Outfitters, Nostalgía, Spúútník og Top Shop mjög flottar.

Hver er best klædda kona í heimi? Vinkona mín hún Erykah Badu tekur þennan titil.

Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnunum fyrir veturinn? Pels, pels, pels! Og góða skó í slabbíð.

Fyrir hvernig tilefni finnst þér skemmtilegast að klæða þig? Mér finnst mjög gaman að gera mig til fyrir tónleika. Það þarf að finna út hvað virkar vel á sviði, í ljósum og margt fleira. En eins og í öllu öðru þá þarf manni að líða vel í því sem maður er í.

Hvað er framundan hjá þér í vetur? Framundan er brjáluð vinna, fullt af tónleikum, upptökur og skóli. Spila næst á Hressó 7. febrúar :)



UNA STEF

Fullt nafn: Una Stefánsdóttir
Fyrstu sex í kennitölu: 040191
Staða (nám/starf): Söngkona & lagasmíður, mannfæði- og tónlistarnemi.
Uppáhalds búð: Kolaportið
Þrjú orð sem lýsa þér best: Sísyngjandi, nörd, kisuóð.

Myndir/Arni Sæberg

IPHONE
Ég fattaði ekki hvað málið var með þessa iPhone-dellu til að byrja með. Svo átti ég ónýtan síma, ónýtan iPod og enga myndavél. Þá ákvað ég að kaupa mér iPhone og trúi því að lífið sé aðeins betra með iPhone í hönd.



AVEDA DAGKREM
Þetta er frábært dagkrem með lit. Er með mjög þurra húð og þetta er það eina sem ég get notað undir púður. Mæli eindregið með AVEDA-vörum, nota hárvörurnar þeirra sem eru líka mjög góðar.



PEPSI MAX
Ég er ein af þeim. Ég er sjúk í Pepsi Max. Er orðin þokkalega háð aspartam og gerviefnaeitrunu sem er í þessu. Fer samt að hætta bráðum!!



VESKI
Fékk þetta fallega palliétuveSKI frá systur minni í jólagjöf. Það er mjög flott til að taka með út á lífið eða í veislu.



PIANÓIÐ
Mikilvægasti hluturinn í íbúðinni minni. Við þetta píanó sem ég alla tónlistina mína og texta. Nágrannarnir mínir elska píanóið samt minna en ég geri enda hafa þeir þurft að hlusta á ýmist glamur og misfrábærar söngnótur í gegnum tíðina - en svona er listin, ehm.

PELS
Fékk þennan jakka frá foreldrum mínum í 22 ára afmælisgjöf núna í janúar. Hann kemur úr Gallerí 17 og er í miklu uppáhaldi hjá mér. Svo sakar ekki hvað hann er hlýr!



KISURNAR MÍNAR
Snati og Moli eru 7 mánaða snillakisar sem komu á heimilið í haust. Ég er orðin óð kisukona eftir að þeir komu, gúggla "cute kittens" mjög reglulega og tala um þá eins og börnin mín. Þeir eru nefnilega sæstastir og bestir.



HVERSDAGS

JAKKI: VINTAGE-BÚÐ Í KÖBEN.
PEYSA: URBAN OUTFITTERS
BOLUR: ALL SAINTS
LEGGINGS: ZARA
HÚFA: H&M
SKÓR: DR. MARTENS



UPPÁHALDS

JAKKI: SAUTJÁN
BOLUR: WEEKDAY
BUXUR: CHEAP MONDAY
SKÓR: DR. MARTENS
LOÐ: MÝRIN



SKÓLADRESS

VESTI: MONKI
PEYSA: GÖMUL AF PABBA
SKYRTA: NOSTALGÍA
BUXUR: ZARA
SKÓR: STEVE MADDEN Í BOSTON



SPARI

KÁPA: URBAN OUTFITTERS
KJÓLL: MONKI
SKÓR: GS SKÓR
SOKKABUXUR: H&M

Tísku- mistökin voru römmuð inn

Þórdís Björk Þorfinnsdóttir vakti athygli **Stílsins** fyrir flottan og töffaralegan fatastíl. Þórdís hefur brennandi áhuga á söng- og leiklist og stefnir á leggja stund á nám við eitthvað slíkt á næstunni. Þórdís sýnir hér lesendum brot af því sem fataskápurinn hennar hefur upp á að bjóða.

Hver er Þórdís Björk? 21 árs stúlka úr Reykjavík. Í sambúð með yndislega kærastanum mínum Sigurði Þór og krúttlegustu kisu í heimi. Ég er með ævintýraþrá á háu stigi og mjög söngelsk. Ég syng meira en ég tala, þó ég tali mjög mikið. Svo er ég líka hávær og staurblind.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Mjög tjillaður. Mér finnst þægindi skipta miklu máli. Annars fíla ég jarðliti mest, loð, leður og grófa skó. Ég held ég hafi verið indjáni í fyrra lífi því ég heillast mjög mikið af öllu svoleiðis. Og rokki líka. Ég hef aldrei verið mikið fyrir hælaskó, það er kannski furðulegt fyrir stelpu, meira að segja lágvaxna stelpu, og ég er eiginlega nýbyrjuð að elska kjóla. Það hefur alltaf blundað einhver strákur í mér, enda á ég tvo eldri bræður og þeir hafa líklegast mótað mig eitthvað.

Hefur þú mikinn áhuga á tísku? Já algjörlega. Ég hef rosalega gaman af því að þæla í tísku en ég passa mig þó að tapa mér ekki alveg í henni, það er auðvitað mikilvægt að halda sínum persónulega stíl.

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Ætli ég missi mig ekki mest þegar ég fer til útlanda. Þá verða búðir einsog Urban Outfitters, Monki, American Apparel, Weekday, second hand-búðir o.fl. oftast fyrir valinu. Mér finnst líka rosalega gaman að gramsa á mörkuðum úti. Hér heima fer ég mest í vintage-búðir. Svo hef ég mikinn áhuga á íslenskri hönnun svo það er ekki leiðinlegt að kaupa svoleiðis þegar buddan leyfir.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku? Ætli ég verði ekki að segja haustið. Þá getur maður layer-að svo mikið af flikum og verið í flottum yfirhöfnum. Ég hef lært það að ég er veikust fyrir yfirhöfnum.

Hvað er ómissandi að að eiga í fataskápnum í vetur? Grófa og flotta skó, t.d. Dr. Martens. Ég hef varla farið úr mínum, enda ekki auðvelt að detta á rassinn í svoleiðis. Þykkir treflar, beanie og ullarsokkar eru

líka mikilvægir á meðan það er kalt að minnsta kosti.

Hver hafa verið þín verstu tískumistök? Ég átti nú svosem mitt skinku-tímabil, það var þó kannski í vægari kantinum þar sem ég hef alltaf verið svolítill stráka-stelpa. Mér dettur helst í hug þegar ég var 12 ára og klæddist ökklasíðu gallapíls með blúndu að neðan og svo bol í stíl, úr sama gallaefninu. Núna verður mamma örugglega agalega sár því henni fannst ég svo sæt og fín í þessu á sínum tíma. En þetta var hreint út sagt hræðilegt svona þegar ég lít til baka. En einsog ég segi þá var ég 12 ára, ég bara vissi ekki betur. Þess má líka til gamans geta að ég fór í heimsókn á Bessastaði að hitta forsetann í þessu dressi, svo var tekin mynd af mér og Ólafi Ragnari saman og sú mynd fær ennþá að vera uppí stofu. Tískumistökin voru sem sagt römmuð inn.

Hver er best klædda kona í heimi? Kate Moss er alltaf flott. Hugrún í Kronkron er líka alltaf mjög flott og auðvitað forsetafrúin, Dorrit. En ef ég á að svara alveg frá hjartanu þá finnst mér amma mín, Kristbjörg Gunnarsdóttir, vera langflottust. Hún hefur líklegast smitað mig af kaup-æðinu. Við spjöllum mikið saman um tísku og hún er eiginlega meira eins og systir mín heldur en amma þegar hún gefur mér ráð.

Er eitthvað skemmtilegt á döfnni hjá þér? Ég er nú alltaf að bralla eitthvað skemmtilegt. Ég er reyndar nýhætt í háskólanum þar sem ég var að læra mannfræði. Það átti einhvernvegin ekki alveg við mig og mér finnst ég þurfa að vera í skapandi námi. Svo nú er ég bara að leita mér að vinnu og leggja höfuðið í bleyti um hvað ég eigi að fara að læra. En það verður líklegast eitthvað lista-tengt. Tónlist og leiklist á hug minn allan þessa dagana.

Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndir þú fá þér og hvar? Kannski eitthvað pínulítið undir stóru tána eða eitthvað á líka djarft.

Myndir/Styrmir Kári

ÚTSÖLULOK

ALGJÖRT VERÐHRUN

70% afsláttur af öllum útsöluskóm



Verð áður: 29.995,-
Verð nú: 8.998,-



Verð áður: 13.995,-
Verð nú: 3.995,-



Verð áður: 12.995,-
Verð nú: 3.898,-



Verð áður: 10.995,-
Verð nú: 3.298,-

gs skór

Kringlan s. 512 1760 | Smáralind s. 512 7700 | ntc.is | erum á facebook



HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Bergur Ebbi Benediktsson.
 Á forsíðu: 26. janúar 2012.
 Fyrirsögn viðtals: Fékk aldrei bæklinginn.

Ég trúir ekki að ég hafi verið á forsíðu Monitor í janúar 2012. Ég er allt of brúnn á myndinni miðað við að það hafi verið janúar. Eru forsíðumyndirnar á Monitor fótisjoppaðar? Það hefði mér aldrei dottið í hug fyrir. Ég sé núna þegar ég lít í spegil að ég er á litinn eins og hægelduð grásleppa en ekki sólbakaður tómatur eins og á forsíðunni. Að öðru leyti hefur tíminn farið ágætlega með mig. Ég hef lokið við skrif á mínu öðru leikriti, „Jóreykur“, og er ætlunin að frumsýna það 26. apríl í Kúlunni. Við félagar í Mið-Íslandi höfum haldið áfram með uppstandskvöldin og sýnum núna hverja helgi í Þjóðleikhúskjallaranum og ef fram heldur sem horfir munum við hafa tekið á móti meira en tíu þúsund gestum áður en veturinn er liðinn.



LOL-MAIL MONITOR

Stílistinn Hulda Halldóra skoraði á þig í síðustu viku svo nú er gaman að sjá hvort karlfyrirsætan og hjólreiðagúrúinn lumi á góðu gríni.

Meiriháttar kveðjur,
 Johnson

Sæll, Jón

Þú setur mikla pressu á mig. Á erfitt með að einbeita mér hérna í Hollandi, er að þreyta erfðan kúrs í reiðhjólavíðgerðum!

En...

Eina ráðið við þynnku er að finna "goth-ara" því honum líður verr en þér !?!

Skora á Jóhannes Bjarnason (JóiB hjá Fiton), Gullfoss og Geysir.

Kærar kveðjur,
 Emil Þór

LOKAPRÓFIÐ

| 31. janúar 2013 |
MONITOR
 skólinn

Ég heiti Sylvia Erla Scheving. Ef ég væri ekki Sylvia Erla Scheving væri ég til í

þú veist hver ég er af því að Dú hefur pottþén séð mig syngja

Um síðustu helgi tók ég þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins í fyrsta skipti og fannst mér sú upplifun

a) alveg ótrúlega leiðinleg af því að allir hinir keppendurnir voru svo gamlir.

b) virkilega dýrmæt reynsla sem á klárlega eftir að nýtast mér í komandi framtíð.

c) ótrúlega skemmtileg enda ekkert nema snillingar sem tóku þátt í þessu með mér.

d) með eindæmum hressandi.

e) Ég óvo þakklát fyrir allt.



Það sem mér þótti vænst um var

a) að mamma og pabbi voru með mér í græna herberginu.

b) að fá „high five“ frá Halla Reynis þegar hann gekk upp á svið eftir að tilkynnt var að hann kæmist áfram.

c) að María Björk Sverrisdóttir hafi hugsað til mín í textasmíð lagsins.

d) Hvað allir ströku mig og hvað ég kynntist frábæru fólki.



Að vera dóttir Magnúasar Scheving

a) Þetta er gaman að vera dóttir hans er góður pabbi sem styður við bakið á mér í öllu því sem ég tek mér fyrir hendur.

b) getur verið erfitt því að hann er stundum enn í hlutverki íþróttarálfins þegar hann kemur heim.

c) eru forréttindi af því að hann er mín besta fyrirmynd og hefur sýnt mér mikilvægi þess að elta draumana sína.

d) hefur alltaf verið ótrúlega gaman nema þegar hann bauð mér ekki að leika Sollu stíróu í sjónvarpsþáttunum um fólkíð í Latabæ.

e) Það er gaman að hafa alla þessa venulegu pabbi, skiptir ekki máttu hafa fleiri vinur en að hafa þig og þetta er ummál þess og mannes.

Ég ætla að verða söngkona/LISTALÖGUR þegar ég verð stór.

Ef ég væri ekki Sylvia Erla Scheving væri ég til í

a) Sylvia Nótt, annað sjálf Ágústu Evu Erlendsdóttur

b) Sylvia Sif Halldórsdóttir, nemandi í 8. bekk í Varmahlíðarskóla, sem hlaut fyrstu verðlaun á unglingastigi í vísnaðsmakeppni grunnskólanema, Vísubotn 2012

c) Sylvia Plath, bandarískri rithöfundurinn sem meðal annars skrifaði Bell Jar

d) Ég myndi elka helja helja þessa söngkonu þessu önnur af því að Maður á allra af því að vera söngkonu með þessu söngkonu hefur.

Eiginhandaráritunin mín lítur svona út:

[Signature]

Síðan ég var þriggja ára hefur mig alltaf langað í hund en þrátt fyrir að þekkja nánast alla hundaeigendur á Íslandi hef ég enn ekki eignast einn slíkan

a) einfaldlega af því að mamma mín leyfir mér það ekki.

b) vegna þess að ég er með alveg gríðarlegt ofnæmi fyrir öllum húsdýrum.

c) því að ég myndi aldrei hafa tíma til að fara með hann í göngutúr.

d) Ég von BESTI hundaeignandi í himinnum.

SATT OG ÓSATT þú veirð að huglaust er þú hundur!

Ég er að læra klassískan söng.

S Ó
 Björk Guðmundsdóttir lærir söng hjá sömu konu og ég.

S Ó
 SATT! Ég á fánlega sætan kærasta.

S Ó
 Þegar ég syng „Þú ert ljósið sem lýsir hér. Alla birtu ég fæ frá þér“ er ég að syngja um alla kennarana í

Verzló

S Ó



SÍÐAST EN EKKI SÍST

► Guðrún Dís Emilsdóttir, fjölmiðlakona, fílar:

KVIKMYND: Dirty Dancing, en svo horfði ég nýlega á Forrest Gump og þá rifjaðist upp fyrir mér hversu mikið meistarastykki sú mynd er. Franska myndin Intouchables er líka alveg frábær; dýrka myndir sem fá mig til að hlæja og gráta.



ÞÁTTUR: Modern family er í miklu uppáhaldi hjá mér núna, eins finnst mér allt sem Stephen Fry gerir alveg stórbrotið, mig langar að verða eins og hann þegar ég verð stór.



BÓK: Það eru svo margar bækur í uppáhaldi hjá mér, en nýlega las ég Undantekninguna eftir Auði Övu og hún einhvernveginn greip mig, mæli með henni.



PLATA: Í augnablikinu er ég að tryllast yfir nýju Sin Fang-plötunni, finnst hún alveg mergjuð. Annars er Takk með Sigurrós ein af mínum uppáhalds plötum, á svo margar góðar minningar við hana.



VEFSÍÐA: Fésbókarsíða Virkra morgna.



STAÐUR: Ég veit það hljómar eins og klisja en uppáhalds staðurinn minn í öllum heiminum er heimilið mitt, hvort sem ég kúri upp í rúmi með góða bók eða ligg uppi í sófa að horfa á einhverja froðu á föstudagskvöldi.

Mér finnst líka rosalega gaman að elda og dúlla mér í eldhúsinu umkringd fólkinu sem ég elska.



VEL GERT

Aníta Hinriksdóttir ÍR-ingurinn Aníta Hinriksdóttir hefur hlaupið sig inn í hjörtu landsmanna með ótrúlegri frammi-stöðu sinni á hlaupabrautinni. Á dögunum hélt hún áfram að fara á kostum þegar hún bætti 32 ára gamalt Íslandsmet Ragnheiðar Ólafsdóttur í 1500 metra hlaupi innanhúss þegar hún hljóp á 4 mínútum og 19,57 sekúndum.



SKÚLI JÓN

ÉG HEF ALDREI

...tekið í vörina. Er því álitinn hinn mesti furðufugl hérna í Svíþjóð

1

...átt íslenska kærustu. Það hlýtur að vera eitthvað að þeim, því það er ekkert að mér.

2

...verið mikill dýravínur. Systir mín átti einu sinni páfagauk og við hötuðum hvor annan mjög mikið.

3

...lært á hljóðferi. Mín mestu mistök í lífinu hingað til, ætla út í búð að kaupa mér hljómborð á morgun.

4

...hoppað útúr bíl á ferð. Enda held ég að það sé mjög vont.

5

...þrífð klósett. Það fer eiginlega að verða vanda-mál fljótlega.

6

...beðið til guðs. Hann hefur bara ekkert látið sjá sig og því hef ég ekkert að segja við hann.

7

Glæný uppistandssýning í Þjóðleikhúskjallaranum
Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Björn Bragi, Dóri DNA og Jóhann Alfreð

MIÐ-ÍSLAND

i Kjallaranum

„Ekki veit ég hvernig samningurinn sem Mið-Íslandshópurinn hefur gert við grínguðina hljóðar í smáatriðum en hann hlýtur að vera besti díll Íslandssögunnar því á sviði finnst ekki fyndnara lið.“

-Kjartan Guðmundsson,
blaðamaður á Fréttablaðinu

„Fór með stórum vinkonuhópi og við náðum varla andanum af hlátri. Mæli með Mið-Íslandi - hiklaust!“

-Hildur Sigurðardóttir, eigandi Reykjavík Letterpress

„Dásamlega skemmtilegt. Píssaði næstum í mig af hlátri.“

-Helga Braga
Jónsdóttir, leikkona

NÆSTU SÝNINGAR

Fim. 31. **UPPSELT** 20
Fös. 1. **UPPSELT** 20
Fös. 1. feb kl. 23
Lau. 2. **UPPSELT** 20
Lau. 2. **UPPSELT** 23
Fim. 7. feb kl. 20
Fös. 8. feb kl. 20
Fös. 8. feb kl. 23
Lau. 9. feb kl. 20
Lau. 9. feb kl. 23
Fim. 14. fe **UPPSELT** 0
Fös. 15. **UPPSELT** 0
Fös. 15. feb kl. 23
Lau. 16. feb kl. 20
Lau. 16. feb kl. 23



Miðasala á midi.is og miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551-1200

HÆ
gosi

VERTU MEÐ
Í FJÖRINU

595 6000

www.skjareinn.is



HÆ GOSI HEFST Í KVÖLD
Fyrsti þáttur í opinni dagskrá

Vertu með í fjörinu



SKJÁREINN

PIPAR TBWA • SÍA • 130375

